



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 3. mars 2026
26023222/205.02 JVK/PPM

Efni: Ágrip – Menningarmiðstöðvar í efri byggðum Kópavogs og Smáralind

Við Hamraborgina er að finna stærsta menningarkjarna Kópavogs, sem státar af öflugum almenningabókasafni, listasafni, tónlistarhúsi auk náttúrusafns. Frá árinu 2010 hefur verið til skoðunar hjá sveitarfélaginu að þróa bókasafnsútibú í efri byggðum bæjarins. Samsteypubókasafn í Lindaskóla árið 2021 og bókabox í efri byggðum hafa þjónað ákveðnu hlutverki í þeirri þróun, svo fátt eitt sé nefnt. Vilji hefur staðið til að útvíkka þá þróun í aðstæðum sem betur henta stærri, dreifðari byggð og þörfum nútímans. Þarfagreiningar síðustu ára styðja vel við þær fyrirætlanir.

Undir lok árs 2025 átti umbóta- og þróunarstjóri Kópavogsbæjar frumkvæði að samstarfi við fasteignafélagið Heima um opnun menningarmiðstöðvar í Smáralind og var málið kynnt á 10. fundi menningar- og mannlífsnefndar, þann 20. janúar s.l. Aukinheldur var kynnt hugmynd að menningarmiðstöð í efri byggðum Kópavogs. Lýsti nefndin ánægju sinni með kynnt áform og lagði áherslu á að bæði verkefni yrðu þróuð áfram af yfirstjórn bæjarins og að staðsetning bókasafns í efri byggðum yrði tekin sem fyrst. Sami tónn var sleginn á fundi bæjarráðs í kjölfarið og kallað eftir kostnaðaráætlun beggja verkefna.

Vilji er til að hefja samstarf við fasteignafélagið Heima um hönnun nýs menningarkjarna í 900 fm. rými í Smáralind þar sem útibú aðalbókasafns verður þungamiðja starfseminnar, en auk þess munu þar fara fram ýmsir viðburðir sem ofangreind menningarhús leggja til.

Í samhengi við bókun menningar- og mannlífsnefndar og bæjarráðs hefur einnig verið gerð þarfagreining á bókasafni í efri byggðum, sem lögð var fram á fundi menningar- og mannlífsnefndar þann 3. mars 2026.

Eftirfarandi var bókað:

„Menningar- og mannlífsnefnd þakkar Ármanni Halldórssyni deildarstjóra umhverfissviðs kynningu á tillögu að staðsetningu menningarkjarna/bókasafns í efri byggðum út frá þarfagreiningu. Nefndin fagnar niðurstöðunni og



samþykkir hana fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Nefndin telur að með nýrri menningarmiðstöð í Smáralind og nýjum menningarkjarna/bókasafni í Kórnum sé stuðlað að jöfnu aðgengi allra íbúa að menningarstarfsemi í Kópavogi, eins og menningarstefna bæjarins kveður á um. Nefndin leggur áherslu á aðkomu menningar- og mannlífsnefndar og starfsmanna menningarmála bæjarins að áframhaldandi mótun og þróun verkefnisins.

Verkefnin hafa nú verið unnin áfram í samræmi við fyrirmæli menningar- og mannlífsnefndar og bæjarráðs og liggja nú fyrir hjálögð drög að leigusamningi við Heima vegna leigurémis í Smáralind, tillaga að staðsetningu menningarmiðstöðvar í efri byggðum, auk greininga sviðsmynda rekstrar þessara menningarstofnana. Þá liggur einnig fyrir að ekki er fyrirhugaður kostnaður á árinu 2026, umfram þegar samþykktar heimildir í fjárhagsáætlun ársins.

Lagt er til við bæjarráð:

- Að samþykkja tillögu að staðsetningu menningarmiðstöðvar í efri byggðum, ásamt því að veita þróunar- og umbótastjóra umboð til áframhaldandi mótunar og þróunar verkefnisins í samræmi við kynnta tillögu.
- Að veita umbóta- og þróunarstjóra heimild til undirritunar leigusamnings við Heima vegna leigurémis í Smáralind, ásamt umboði til áframhaldandi þróunar verkefnisins í samræmi við kynnta tillögu.

Virðingarfyllst,

Védís Hervör Árnadóttir
Umbóta- og þróunarstjóri

Hjálagt:

Kynning umbóta- og þróunarstjóra
Drög að leigusamningi við fasteignafélagið Heima

